



HÁALEITISSKÓLI

Uppeldi til ábyrgðar

Uppbygging sjálfsaga

Í Háaleitisskóla er uppeldistefnan **Uppeldi til ábyrgðar** lögð til grundvallar í skólastarfinu.

Hvað er uppeldi til ábyrgðar (e. Restitution)?

Uppeldi til ábyrgðar er hugmyndafræði, aðferð og leið til að ýta undir:

- jákvæð samskipti
- sjálfstjórn og sjálfsaga
- ábyrgð á eigin orðum og gerðum
- að læra af mistökum í samskiptum
- að þekkja styrkleika sína

Háaleitisskóli hóf innleiðingu stefnunnar árið 2015. Allt starfsfólk tók þátt í innleiðingunni, sótti námskeið hérlendis og erlendir, ásamt því að vinna í þróunarhópum innan skólans. Síðan þá höfum við sótt okkur fyrirlestra sem hafa verið hluti af símenntunaráætlun skólans. Allt nýtt starfsfólk fær kynningu á stefnunni og lesefni til þess að komast sem best inn í hugmyndafræðina.

Háaleitisskóli leggur áherslu á eftirfarandi þætti úr hugmyndafræðinni:

Stutt inngrip/spurningar: Við temjum okkur að tala við aðra eins og við viljum að talað sé við okkur. Það skiptir máli hvernig hlutir eru sagðir og því lærum við *stutt inngrip* í formi spurninga eða fullyrðinga til að skapa notalegt andrúmsloft t.d:

- Hvað áttu að vera að gera núna?
- Hvað get ég gert til að hjálpa þér?
- Er í lagi með það sem þú ert að gera núna?
- Er það sem þú ert að gera núna til að hjálpa eða hindra?
- Þú virðist vera í vandræðum, get ég hjálpað?
- Hver er reglan?
- Viltu finna betri leið?
- Hvernig get ég hjálpað þér?
- Hvenær ertu tilbúinn að byrja?

Hlutverk nemenda

- Hver á að gera hvað og hver á ekki að gera hvað?

Grunnþarfirnar

- Að kynnast eigin þörfum og annarra og skilja að hegðun stjórnast af þörfunum okkar. Nauðsynlegt er að læra að koma til móts við okkar eigin þarfir án þess að gera lítið úr þörfum annarra.

Þarfirnar:

- áhrifspörf
- frelsispörf
- umhyggjuþörf
- gleðiþörf
- öryggisþörf.

Bekkjarsáttmáli/vinnustaðasáttmáli

Hvernig viljum við að lífsgildin í bekknum/vinnustaðnum okkar komi fram? Á hvernig vinnustað vil ég vinna? Hvernig manneskjur viljum við vera?

Umræður um gildi sem skipta máli og bekkurinn/starfsmannahópurinn kemur sér saman um sáttmála. Sáttmálinn hjálpar til við að skapa umhverfi þar sem nemendur finni sig örugga í hópnum.

Svona gerum við ekki

Ásakanir, afsakanir, skammir, tuð og uppgjöf skila okkur engu. Það er alltaf betra að nota uppbyggingu og horfa fram á veginn. Við gerum öll mistök og við lærum af mistökum okkar. Segjum „já“ eins oft og við getum. Það skapar jákvæðan anda. „Já, þú mátt fara fram þegar tíminn er búinn“.

Ítarefni:

Diane Gossen – Restitution : <http://www.realrestitution.com>
<http://netla.khi.is/>

Grein Guðlaugar E. G. og Magna Hjálmarssonar
www.sunnuhvoll.com
Heimasíða Magna Hjálmarssonar

<http://www.wglasser.com/>
Heimasíða stofnunnar William Glasser

<http://www.jlcbrain.com/>
Upplýsingar um heilarannsóknir – Eric Jensen

<http://www.alfiekohn.org/index.html>
Heimasíða Alfie Kohn

<http://uppbygging.alftanesskoli.is>

Eldri heimasíða Álftanesskóla með upplýsingum um Uppeldi til ábyrgðar

Heimasíða Heiðarskóla í Hvalfirði

<http://www.heidarskola.is/namsvefur/uppbygging/>